

Kærði hefur borið að hafa föstudaginn 17. febrúar sl., um kl. 20:00, ráðist að starfsmanni ÁTVR og ógnað honum með byssu, er hann hugðist leggja krónur 1.839.134.- inn í næturhólf bankans. Kærði náði fé þessu af starfsmanni ÁTVR með ofbeldislegum hætti.

Við rannsókn málsins hefur Ingvar Heiðar Þórðarson játað aðild að broti kærða, William James Scobie.

Rannsókn máls þessa miðar vel áfram, og þykja sakarefni í meginatriðum upplýst. Stefnt er að því af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins að ljúka rannsókn málsins sem fyrst, svo unnt sé að senda ríkissaksóknara gögn málsins til ákvörðunar.

Geðrannsókn, sem William James Scobie, hefur lýst sig fúsan til að gangast undir, er þó eigi lokið.

Kærði er grunaður um háttsemi, sem varðar við fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. mars n.k., kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, William James Scobie, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. mars n.k. kl. 17:00.

Mánudaginn 19. mars 1984.

Nr. 50/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Ingvari Heiðari Þórðarsyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974

skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. mars 1984, er barst Hæstarétti 15. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Samkvæmt 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. mars 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 14. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgarúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur að tilhlutan ríkissaksóknara gert þá kröfu, að gæsluvarðhald það, sem kærða, Ingvari Heiðari Þórðarsyni, f. 09.03.1964, til heimilis að Heiðvangi 4, Hafnarfirði, var gert að sæta þann 27. febrúar sl. og rennur út í dag kl. 17:00 verði framlengt allt til miðvikudagsins 28. mars n.k. kl. 17:00.

Málavextir.

Föstudaginn 17. febrúar sl. tók William James Scobie leigubíl frá Hótel sögu að Hótel Loftleiðum og ógnaði bílstjóranum með byssu og neyddi hann til að aka að Nauthólsvegi, skildi bílstjóran þar eftir og ók síðan á brott.

William fór síðan að útibúi Landsbanka Íslands að Laugavegi 77 og ógnaði starfsmanni ÁTVR með byssu og náði af honum kr. 1.839.134 með ofbeldislegum hætti.

Kærði, Ingvar Heiðar Þórðarson, hefur viðurkennt að hafa ekið William James Scobie að Háskólabíói þann 17. febrúar sl. kl. 19:00 og síðan hafi hann ekið að Brautarholti 2, þar sem hann hafi bedið þess, að kærði William James Scobie kæmi. Kveðst kærði hafa farið að Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, kl. 20:00 og fundið þar poka með peningum, sem hann hafi tekið með sér og skilið eftir í Stórholti á leið sinni í Brautarholt. Þar hafi hann hitt William og þeir sótt þennan poka stuttu síðar, en síðan hafi hann ekið William í Kópavog, þar sem byssunni var hent í sjó. Kærði kveðst síðan hafa ekið William í Barmahlíð 35, en þar hafi leiðir skilið og William farið inn með féð. Kærði hefur viðurkennt að hafa móttekið 360.000 krónur í peningum frá William James Scobie þriðjudaginn 21.

febrúar sl. í Þrekmiðstöðinni í Hafnarfirði vegna þáttar hans í málinu. Kærði hefur borið, að honum hafi verið kunnugt um áform Williams, er hann ók honum að Háskólabíói föstudaginn 17. febrúar sl.

Rannsókn máls þessa hefur miðað vel áfram, og þykja sakarefni í meginatriðum upplýst. Stefnt er að því af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins að ljúka rannsókn málsins sem fyrst, svo unnt sé að senda ríkissaksóknara rannsóknargögn til ákvörðunar.

Kærði er grunaður um háttsemi, sem varðar fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla alm. hegningarlaga, og er 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 4. tl. 1.mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. mars n.k. kr. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ingvar Heiðar Þórðarson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 17. mars n.k. kl. 17:00.

Miðvikudaginn 21. mars 1984.

Nr. 51/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Valgeiri Viðissyni

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. mars 1984, er barst Hæstarétti 19. s.m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími en greinir í úrskurðinum. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.